



Reykjavík 30. nóvember 2020

**Nefndasvið Alþingis við Austurvöll
Umhverfis- og samgöngunefnd**

Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar, 139. mál.

Á 151. Löggjafarþingi 2020-2021.

Þingskjal 140 – 139. mál.

Sendandi: Votlendissjóður, Árleyni 22, 112 Reykjavík. votlendi@votlendi.is

Umsögn

Stjórn Votlendissjóðs telur ofangreinda tillögu til þingsályktunar jákvæða, einkum þau markmið sem þar eru sett fram um aukinn metnað í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fer vel á því að Ísland verði í fararbroddi meðal ríkja í aðgerðum í loftslagsmálum.

Stjórn Votlendissjóðs vill benda á og leggja áherslu á að hagkvæmasta og fljótvirkasta leiðin til að minnka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er að endurheimta framræst votlendi.

Stjórn Votlendissjóðsins bendir á að við framkvæmd slíkrar áætlunar, sem hér um ræðir, er brýnt að nýskógrækt fari fram á illa fögnu landi, en ekki á framræstu votlendi. Þar sem slíkt land er ekki nýtt í dag til landbúnaðar er mun árangursikara að endurheimta þar votlendi, sem stöðvar mun meiri losun koldíoxíðs en sú nýskógrækt sem hér er áformuð nær að binda á löngum tíma.

Enn fremur vill stjórn Votlendissjóðsins benda á að áformuð nýskógrækt með blönduðum skógi í þeim mæli sem hér er gert ráð fyrir mun hafa í för með sér gerbreytta ámynd landsins og rétt er að hafa í huga að slíkt gæti mælst illa fyrir hjá fjölda Íslendinga.

Á vegum Votlendissjóðs, í rúmlega tveggja ára starfi sjóðsins, hafa verið endurheimtir um 181 hektarar af votlendi. Með því hefur Votlendissjóður tryggt heildarminnkun á losun 28.960 tonna af koldíoxíði fyrir umbjóðendum sína

Þá liggur fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda, einkum koldíoxíðs frá framræstu votlendi, er af svipaðri stærðargráðu og öll önnur losun gróðurhúsalofttegunda í landinu. Þar sem töluvert af framræstu votlendi er í dag ekki nýtt til landbúnaðar, blasir við að miklir möguleikar eru til árangurs í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Til að ná skjóttum árangri er hins vegar nauðsynlegt að auka fjármagn til aðgerða með endurheimt votlendis. Hingað til hefur nær öll fjármögnun framkvæmda hjá Votlendissjóði komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og vonandi tekst Votlendissjóði áfram að fjármagna sín verkefni með þeim hætti. Ríkissjóður Íslands hefur á hinn bóginn eignarhald á fjölmörgum jörðum þar sem endurheimt votlendis ætti að vera möguleg. Það væri við hæfi að fjármagn til þeirra framkvæmda kæmi úr ríkissjóði og stuðlaði þannig að betri árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stjórn Votlendissjóðs vill enn fremur vekja athygli því að ennþá er verið að ræsa fram votlendi víða um land sem veldur aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að hafa betri stjórn á þessum aðgerðum og krefja framkvæmdaraðila um að endurheimta votlendi í stað þess sem framræst er.

Virðingarfyllst f.h. Votlendissjóðs

Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri

